



Stjórnarfundur 6 fimmtudaginn 7. apríl 2011 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður BLÍ. Stefán Jóhannesson, Svala Vignisdóttir. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð.

Afboð og mættu ekki: Kristján Geir Guðmundsson, Aðalheiður Sigursveinsdóttir, Valdimar Hafsteinsson, Óskar Hauksson, Hreggviður Norðdahl.

Dagskrá

- Landsliðsferðir, fjármögnun, fararstjórn og fl.
- Ársþing
- Ársreikningar, fjárhagur
- Samningar
- Önnur mál, Fylkismál

Fundargerð

- Landsliðsferð karlallandsliðsins til Andorra er að mestu klár. Einungis þarf að bóka flug fyrir 14 manns. Landsliðshópurinn er klár. Rætt var um dagpeninga fyrir fararstjóra og starfsmenn liða. Þennan þátt þarf að hafa eins lítinn og mögulegt er.
 - Áætlaður kostnaður per leikmann er kr. 80.000.- Þá er búið að niðurgreiða ferðina um ca 15.000 á mann vegna styrkja.
- Liechtenstein – 35 manna hópur, 29. Maí – 5. Júní.
 - Forskráning er tilbúin og kostnaður hvers þátttakanda er 100.000 kr.
 - Sævar fer sem liðsstjóri karlaliðsins og Munda sem liðsstjóri kvennaliðsins.
 - Stefán fer með sem flokkstjóri
 - Sævari var falið stilla upp innanlandskostnaði, sjá hvernig hann kemur út – og skoða hvort BLÍ taki hann ekki áður en niðurgreiðsla á ferðinni sjálfri verður ákveðin. Ákveðið að fara þá leið að greiða innanlandsferðakostnað fyrir leikmenn sem fara í landsliðsverkefni á þessu vori.
- Ársreikningar, fjárhagur: Kíkt yfir hluta ársreiknings. Almenn ánægja með útkomuna á reikningnum en þó ber að geta þess að hann er ekki fullkláraður.
 - Skv. þessu er BLÍ á réttri leið í fjármálum
- Ársþing BLÍ
 - Haldið 14. maí í Íþróttamiðstöðinni Laugardal. Kjörtímabili formanns, Svölu og Heiðu lýkur.
 - Jason ræddi um framboðsfrest á kosningum til stjórnar, hvort ekki væri rétt að framboð væru ljós a.m.k viku fyrir ársþing.
 - Jason ræðir við núverandi stjórnarmenn og varastjórn um áframhaldandi setu í stjórn BLÍ.
 - Jason finnur þingforseta
 - Sævar undirbýr ársskýrsluna, setur skilafrest á skýrslur nefnda, koma inn fyrir 28. apríl.
- Samningar
 - BLÍ og Ícelandair hafa gert með sér styrktarsamning. Í samningnum er kveðið á um auglýsingar á heimasíðu BLÍ og búningum. Samningurinn er til þriggja ára.

- BLÍ og Flugfélag Íslands hafa gert með sér samning um afslátt á flugmiðum innanlands fyrir starfsfólk BLÍ.
- Nokkrir aðilar hafa sýnt áhuga á samstarfi við BLÍ. Það mun síðar koma í ljós hvort af því verður.
- Önnur mál
 - Fylkismál – stjórn BLÍ er sammála um að Fylkir greiði skuld þess við sambandið að fullu. Skuldin nemur þáttökugjöldum í 3. deild kvenna en Fylkisiðið mætti ekki til leiks og neita að greiða þáttökugjaldið.
 - Erindi frá dómaranefnd: Það er erfitt að manna leiki þar sem greiðslan er ekki nógu há. BLÍ þarf að leggja fram einhverjar breytingar á þessari gjaldskrá.
 - Evrópska blaksambandið heldur dómara ráðstefnu í maí um málefni dómara. Ráðstefnan er haldin í Slóvakíu. Ákveðið var að senda Jón Ólaf, alþjóðadómara, á ráðstefnuna.

Næsti fundur áætlaður fyrir ársþing BLÍ

Fundi slitið kl. 18.00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð